

Sp.

116. Tillaga til þingsályktunar

[70. mál]

um greiðslu dýrtíðaruppbótar á ellilaun og örorkubætur.

Flm.: Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson, Finnbogi R. Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að greidd verði 20% dýrtíðaruppbót á ellilaun og örorkubætur, og miðist greiðslan við 1. júlí 1949.

Að því leyti sem greiðsla þessi verður ekki innt af höndum úr sjóðum Tryggingastofnunar ríkisins, heimilast ríkisstjórninni að verja fé í þessu skyni úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Frá 1. júlí s. l. hefur ríkið greitt opinberum starfsmönnum 20% launauppbætur, og var það samþykkt með sérstakri þingsályktun þann 18. maí s. l. Þar með hefur Alþingi viðurkennt, að dýrtíðaraukningin undanfarin 2—3 ár sé svo mikil, að ekki sé viðunandi fyrir opinbera starfsmenn að lifa á óbreyttu kaupi. Þessi 20% launahækkun hefur verið greidd á öll laun opinberra starfsmanna, bæði há og lág.

Ellilaun og örorkubætur eru 3780 kr. árlega á 1. verðlagssvæði og 2835 kr. á 2. verðlagssvæði fyrir einstaklinga. Það er í raun og veru óþarfi að rökstyðja þá ráðstöfun, sem þáttill. þessi felur í sér. Þau mörgu gamalmenni og öryrkjar, sem þurfa að lifa á þessum launum, áttu fullt í fangi með að láta þetta hrökkva til fyrir því allra nauðsynlegasta og tókst það raunar ekki, og urðu því að treysta á utanaðkomandi hjálp. Á síðustu 2—3 árum hefur dýrtíð aukizt svo mikið, að Alþingi og ríkisstjórn hafa séð sig tilneydd að hækka laun opinberra starfsmanna um 20%, og má þá nærri geta, hvernig afkoman er hjá gamla fólkinu, sem á að lifa á 300 kr. eða 225 kr. á mánuði. Uppbætur á ellilaun og örorkubætur eru mannúðarmál, sem ekki verður komizt hjá að samþykkja.